

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytt bæjarmörk við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn um Þingnes og við Vatnsendavatn, svo og við Lækjarbotna og nágrenni.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 4. janúar 1995 staðfest samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytt bæjarmörk við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn um Þingnes og við Vatnsendavatn, svo og við Lækjarbotna og nágrenni, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 28. nóvember 1994.

Í samningnum segir m.a. svo:

„Borgarstjórinn í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar, annars vegar og bæjarstjórinn í Kópavogi, f.h. Kópavogskaupstaðar, hins vegar, gera með sér svohljóðandi samning um breytt lögsögumörk kaupstaðanna og makaskipti á landspildum:

1. gr.

Lögsögumörk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn, um Þingnes og við Vatnsendavatn að hornstólpa í Heiðmerkurgirðingu skulu vera þessi:

Frá núverandi lögsögumörkum norðvestan í Vatnsendahvarfi, 20 m sunnan miðlínu staðfests Arnarnesvegar, nú Breiðholtsbrautar, austur að fyrrum farvegi Bugðu sunnan undir Selási. Nánar ákvarðast lögsögumörkin á þessum kafla frá punkti nr. 670 eftir hringboga með rásíus 480,00 m að punkti nr. 677, með miðju hægra megin þegar horft er frá punkti 670 í átt að punkti 677, þá eftir beinni línu frá punkti 677 að punkti nr. 678, þaðan eftir hringboga með rásíus 1020,00 m að punkti nr. 156, með miðju vinstra megin þegar horft er frá punkti 678 í átt að punkti 156, þaðan eftir hringboga með rásíus 2040,00 m að punkti nr. 155, með miðju vinstra megin þegar horft er frá punkti 156 í átt að punkti 155. Frá punkti nr. 155 eru mörkin bein lína að punkti nr. 673, þaðan bein lína eftir fyrrnefndum uppþornuðum farvegi í punkt nr. 657 í farvegi Bugðu. Þaðan ræður miður farvegur Bugðu samfelld til norðausturs og síðan til suðurs að punkti nr. 133 í girðingu um 20 m norðan núverandi Elliðavatnsstíflu. Frá þessum punkti í merktan punkt nr. 102 á vesturbakka Dimmu og þaðan í merktan punkt nr. 103 á vesturenda Elliðavatnsstíflu. Frá punkti nr. 103 bein lína í punkt nr. 2 austanvert við Þingneshólma, þaðan eftir hringboga með miðju í punkti C í merktan punkt nr. 64/2003, þaðan í merktan punkt 64/2002, í merktan punkt 64/2001 og loks í merktan punkt nr. 64/2000 við Heiðmerkurgirðingu, 89 cm frá girðingarhorni í Vatnsendagirðingu. Hinum tilgreindu markapunktum er lýst hér á eftir, svo og hnitum þeirra í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis frá 1951.

<i>Pkt. nr:</i>	<i>Lýsing</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
670	Norðan í Vatnsendahvarfi, ómerktur	16403,79	12709,80
677	” ” ”	16244,43	12689,62
678	” ” ”	16105,44	12647,53
156	Austan Dimmu, ómerktur	15640,76	12617,85
155	” ” ”	15549,15	12635,41

673	Í gömlum farvegi Bugðu, ómerktur	15319,38	12684,91
657	Í farvegi Bugðu, ómerktur	15182,42	12631,22
133	Í farvegi Bugðu, ómerktur	15050,23	12321,23
102	Norðan Elliðavatnsstíflu, messingbolti með áskrófuðu loki í steinsteypu í 30 cm röri	15414,61	12275,68
103	Elliðavatnsstífla, vesturendi, krómstálbolti í steinsteypu í 30 cm röri	15452,32	12251,70
2	Í Elliðavatni austan Þingeshólma, ómerktur	15000,00	11300,00
64/2003	Á Þingnesi, 12 mm koparbolti í steini	15153,20	10915,79
64/2002	Austan Vatnsendavatns, krómstálbolti í steinsteypu í 20 cm plaströri	15114,50	10743,54
64/2001	Austan Vatnsendavatns, 12 mm koparbolti í steini	15088,07	10693,48
64/2000	Hjá hornstólpa í Heiðmerkurgirðingu, krómstálbolti í steinsteypu í 20 cm plaströri	15056,49	10330,74
C	Í Vatnsendavatni, miðja hringboga, ómerktur	15254,74	11178,93

Á bilunum 670 til 657 og 133 til 64/2000 eru mörkin beinar línur eða hringbogar eins og hér segir:

Milli punkta	670 og	677	Hringbogi með rás 480,00 m, lengd boga 161,39 m.
„ „	677 og	678	Bein lína, lengd 145,22 m.
„ „	678 og	156	Hringbogi með rás 1020,00 m, lengd boga 469,77 m.
„ „	156 og	155	Hringbogi með rás 2040,00 m, lengd boga 93,29 m.
„ „	155 og	673	Bein lína, lengd 235,04 m.
„ „	673 og	657	Bein lína, lengd 147,11 m.
„ „	133 og	102	Bein lína, lengd 367,22 m.
„ „	102 og	103	Bein lína, lengd 44,69 m.
„ „	103 og	2	Bein lína, lengd 1053,72 m.
„ „	2 og 64/2003		Hringbogi með miðju í punkti C og rás 282,05 m, lengd boga 464,31 m.
„ „	64/2003 og 64/2002		Bein lína, lengd 176,54 m.
„ „	64/2002 og 64/2001		Bein lína, lengd 56,61 m.
„ „	64/2001 og 64/2000		Bein lína, lengd 364,11 m.

2. gr.

Á norðvestanverðu Sandfelli hefur verið steyptur koparbolti niður í klöpp. Punktur þessi er merktur 501 á meðfylgjandi uppdrætti gerðum af verkfræðistofunni Forverk í Reykjavík, dags. 29. ágúst 1994. Aðilar samnings þessa eru fyrir sitt leyti sammála um að mörk heimalands Lækjarbotna og afréttar skuli vera úr þessum punkti í mógrýtisklett með rauf, (hnit: X=7137,5 Y=8736,3), merktan 5353, á uppdrætti fylgjandi ritinu „Lækjarbotnar í Kópavogi“ gerðu af Gunnlaugi Péturssyni og verkfræðistofunni Forverk sf. í apríl 1987, og þaðan bein stefna um þúfu á Holtstanga að Fossvallaá.

Lögsögumörk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar við Lækjarbotna og nágrenni, frá Sandfelli að Hólmsá, skulu vera þessi, sbr. meðfylgjandi uppdrátt dags. 29. ágúst 1994, sjá lið 7.2.

Úr fyrrgreindum punkti merktum 501 beina línu til norðvesturs í hornstaur á Heiðmerkurgirðingu við Stóra Markhól merktan 502 á meðfylgjandi kortum. Þaðan til norðausturs eftir Heiðmerkurgirðingu um tvo brotpunkta merka 503 og 504 í markapunkt í framlengdri línu Heiðmerkurgirðingar merktan 505, 4,75 metra frá girðingarhorni

(punkti 506). Þaðan beina línu til norðausturs í markapunkt í Hólmskrauni merktan 507, þaðan beina línu í aust-norðaustur í punkt á eyri við Botnalæk merktan 508 og þaðan beina stefnu til norðurs í punkt á lækjarmótum merktan 509. Úr þeim punkti ræður Hólmalækur, sem fyrr, eða farvegur hans, eins og hann liggur sunnan núverandi Suðurlandsvegur, allt út í miðja Hólmsá. Um nánari skilgreiningu þessa hluta markanna fer samkvæmt hnitaskrá á fyrrgreindum uppdrætti dags, 29. ágúst 1994. Hinum tilgreindu markapunktum er lýst hér á eftir. Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis frá 1951, sem endurskoðað var á þessu svæði árið 1993.

<i>Pkt. nr:</i>	<i>Lýsing</i>	<i>X-hnit</i>	<i>Y-hnit</i>
501	Á norðvesturenda Sandfells, 12 mm koparbolti í klöpp ...	8887,40	7768,24
502	Horn á Heiðmerkurgirðingu, járnstaur í steypum sökkli	10952,03	9105,06
503	Brotpunktur í Heiðmerkurgirðingu, járnstaur í steypum sökkli	10640,42	9507,59
504	- do -	10317,54	9879,38
505	Við horn Heiðmerkurgirðingar, 20 mm krómstálbolti með áskrúfaðri ró, í steinsteypu í 18 cm plaströri	10105,25	10161,44
507	Í Hólmskrauni, 20 mm krómstálbolti með áskrúfaðri ró í steinsteypu í 18 cm plaströri	9788,51	10587,48
508	Við Botnalæk, 18 mm krómstálbolti í 60 cm steinsteypu röri	9502,03	10715,40
509	Við lækjamót, 16 mm krómstálbolti í 20 cm steypu röri ...	9489,60	10835,77

Mörkin milli framangreindra punkta eru beinar línur, sem fyrr segir, og fjarlægðir eftirfarandi:

Milli punkta	501	og	502	-	2459,65 metrar
„	„	502	og	503	- 509,06 „
„	„	503	og	504	- 492,42 „
„	„	504	og	505	- 353,03 „
„	„	505	og	507	- 530,88 „
„	„	507	og	508	- 313,74 „
„	„	508	og	509	- 121,01 „
„	„	505	og	506	þ.e. girðingarhorns, 4,75 metrar.

7. gr.

Meðfylgjandi uppdrættir teljast hluti samnings þessa:

- 7.1 Uppdráttur mælingadeildar borgarverkfræðings í mælikvarða 1:4000, smækkun af frumuppdrætti í mælikvarða 1:2000, dags. 8. febrúar 1988 með innfærðum landstærðum hinn 31. október 1994.
- 7.2 Uppdráttur í mælikvarða 1:10000, smækkun frá frumuppdrætti í mælikvarða 1:5000, er sýnir mörk af Sandfelli að Hólmsá, gerður fyrir bæjarverkfræðing Kópavogs af Verkfræðistofunni Forverk hf. í Reykjavík, dagsettur 29. ágúst 1994. Á uppdrættinum er hnitaskrá er skilgreinir markapunkta og legu Hólmalækjar.
- 7.3 Uppdráttur í mælikvarða 1:10000, smækkun frá frumuppdrætti í mælikvarða 1:5000, gerður af Verkfræðistofunni Forverk hf. í Reykjavík, er sýnir landspildur í makaskiptum og útreiknaða stærð þeirra, dagsettur 29. ágúst 1994.

- 7.4. Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:10000 af mörkum í Elliðavatni og um Þingnes, dagsettur 3. maí 1994.
- 7.5 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:5000 af Þingnesi og Þingneshólum, dagsettur 31. ágúst 1994.
- 7.6 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:25000, er sýnir mörk af Sandfelli um Heiðmerkurgirðingu og niður að Hólmalæk og landspildur í makaskiptum, dagsettur 20. október 1994.

8. gr.

Samningur þessi var samþykktur af borgarráði Reykjavíkur 15. nóvember 1994 og staðfestur í borgarstjórn 17. nóvember 1994. Samþykktur af bæjarráði Kópavogs 10. nóvember 1994 og í bæjarstjórn Kópavogs 22. nóvember 1994.

9. gr.

Lögsögumarkabreyting samkvæmt 1. og 2. gr. samningsins skal staðfest af félagsmálaráðherra samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

10. gr.

Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit, eitt til þinglýsingar í Reykjavík, annað til þinglýsingar í Kópavogi, eitt handa hvorum samningsaðila og eitt til afhendingar í félagsmálaráðuneytinu.

Reykjavík, 28. nóvember 1994.

F.h. Reykjavíkurborgar,
borgarstjórinn í Reykjavík
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

F.h. Kópavogskaupstaðar,
bæjarstjórinn í Kópavogi
Sigurður Geirdal“

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 17

3. janúar 1995

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988.**

1. gr.

1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn

Endurprentað blað.